



Nefndasvið Alþingis

Egilsstöðum 18. maí 2018

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

494. mál – fjármálaáætlun 2019-2023

Samband sveitarfélaga á Austurlandi vill vekja athygli á nokkrum atriðum sem það telur mikilvægt að hafa í huga við umfjöllun og afgreiðslu þingsályktunartillögunnar um fjármálaáætlun 2019-2023. Samantektin tekur aðeins á nokkrum meginatriðum og byggir á ályktunum aðalfundar SSA 2017 og stöðu mála í landshlutanum.

Í upphafi vill SSA fagna gerð slíkrar áætlunar og einkum því að aukin eru framlög til ýmissa málaflokka eins og umhverfismála, sveitarfélaga og byggðamála og málefna aldraðra. Ánægjulegt er að stefnumiðin eru meðal annars að treysta samfélagslega innviði. Í áætluninni segir að framtíðarsýnin sé að „landið allt verði í blómlegri byggð þar sem stuðlað er að bættum lífsgörum landsmanna með jöfnu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu“ og að grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi (bls. 204). Til að þetta geti orðið að veruleika á Austurlandi þarf einkum að hafa eftirfarandi þætti í huga.

Samgöngumál

SSA lýsir ánægju sinni með að fjárfesting í samgöngum verði umfangsmikil á tímabilinu. Mikilvægt er að Austurland mæti ekki afgangi í þeirri fjárfestingu. Samgöngumál varða alla þjóðina. Samgöngur hafa mikil áhrif á búsetu fólks atvinnutækifæri, öryggi og lífsgæði. Á Austurlandi hafa nýframkvæmdir og vegabætur verið ákaflega takmarkaðar undanfarin ár og því er þörfin orðin brýn. Nefna má að malarvegir liggja víðs vegar um fjórðunginn, m.a.s. á hringveginum, háir fjallvegir valda einangrun íbúa á veturnum vegna ófærðar og einbreiðar brýr, blindhæðir og skortur á útskotum valda hættum í umferðinni. Ljóst er að óskir íbúa Austurlands, öryggi vegfarenda og þarfir samfélagsins í samgöngumálum krefjast gríðarlegs fjármagns vegna fjársveltis undanfarinna ára. Rétt er að ítreka ályktanir aðalfundar SSA varðandi þetta:

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 telur það skipta höfuðmáli að vetrarþjónusta á öllum vegum landshlutans sé viðunandi og geri fólki kleift að sinna atvinnu, menntun og öðrum erindum innan svæðis án vandkvæða og með sem minnsti fyrirhöfn. Þá verður að tryggja sem best aðgengi, og þar með öryggi allra íbúa á svæðinu, að umdæmissjúkrahúsi og Egilsstaðaflugvelli.

Þá er ekki síður mikilvægt að staðið verði við þær nýframkvæmdir í landshlutanum sem undirbúnar hafa verið síðustu ár og áratugi og komnar voru á samgönguáætlun. Má þar nefna uppbyggingu heilsársvegar yfir Öxi, sem er forgangsverkefni, lagningu slitlags og endurbyggingu vega. Sérstaklega mikilvægt er að hraða lagningu bundins

slitlags til Borgarfjarðar eystri. Á Austurlandi eru margir vegkaflar sem eru stórhættulegir, má þar nefna vegi um Suðurfirði og Hamarsfjörð, sem og í Breiðdal. Fagna ber framkvæmdum við lagningu nýs vegar fyrir botni Berufjarðar og nauðsynlegt er að staðið verði við áætlun um útboð vegabóta í botni Skriðdals 2018.

Í ljósi aukins umferðarþunga m.a. vegna ferðamanna, er óboðlegt að ekki sé gætt sérstaklega að umferðaröryggi, hvort heldur er við nýframkvæmdir eða viðhald samgöngumannvirkja. Malarvegir á borð við Upphéraðsveg um Fell, efri Jökuldal, Jökulsárhlíð og um Hellisheiði sem og Hlíðarveg eru óboðlegir. Tryggja verður öryggi á vegaköflum inn og út úr landshlutanum, t.a.m. á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar og Djúpavogs og Hornafjarðar.

Mikilvægt er að við gerð nýrrar samgönguáætlunar verði gerð áætlun um umferðaröryggi eftir ákveðnum viðmiðum líkt og gert er víða erlendis.

Setja verður byggingu nýrrar brúar yfir Lagarfjót við Egilsstaði í forgang framkvæmda við brúargerð á landinu og ráðast í áttak til að fækka einbreiðum brúm í landshlutanum.

Auk þessa ber að áréttu að aðalfundur hefur ályktað undanfarin ár varðandi gerð jarðganga til Seyðisfjarðar, undir Fjarðarheiði, sem er mjög brýn samgöngubót fyrir íbúa á Seyðisfirði og þá mörgu ferðamenn sem koma til landsins með Norrænu.

Rétt er að benda á innanlandsflug og mikilvægi þess fyrir íbúa Austurlands ekki síst vegna fjarlægðar við höfuðborgina. Öruggt innanlandsflug eykur framleiðni fyrirtækja, sinnir stofnunum og er hluti af lífsgæðum vegna aðgengis að ýmissi þjónustu og afþreyingu. Verðlagið er þannig að allt ofantalið er eiginlega ekki í boði þar sem almennur íbúi getur í reynd ekki nýtt sér flugið nema í ítrustu neyð. Verð innanlandsflugs gerir landshlutanum erfitt fyrir í samkeppni um nýja íbúa og ferðamenn. Um þetta hefur aðalfundur SSA ályktað:

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Skilgreina verður innanlandsflug sem almenningsamgöngur þannig að flugfargjöld verði á viðráðanlegu verði og lækkuð um helming, svo íbúar landshlutanna geti nýtt sér þjónustuna. Verðlagning innanlandsflugs rýrir búsetukosti Austurlands. Horfa á til hinnar svokölluðu skosku leiðar við niðurgreiðslu hins opinbera á flugfargjöldum, mikilvægt er að ráðherraskipaður starfshópur um rekstur flugvalla innanlands skili álit sem fyrst.

Ferðapjónusta

Verð á innanlandsflugi hefur einnig áhrif á Austurland sem áfangastað og fjölda ferðamanna á svæðið. Tryggja þarf fjármagn í markaðssetningu á Austurlandi og að leggja áherslu á beint flug erlendis frá á Egilsstaðaflugvöll. Í þingsályktunartillögum um fjármálaáætlun segir á bls. 31 að til að hámarka virði ferðapjónustu til lengri tíma sé nauðsynlegt að vernda landið og náttúru þess með markvissri stýringu. Í því samhengi telur SSA eðlilegt og rétt að dreifa ferðamanninum um landið. Dreifing ferðamanna hefði jákvæð áhrif á Austurland, bæði ferðapjónustuaðila og aðra. Í fjármálaáætluninni segir að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinni að því að hvetja ferðamenn til að heimsækja fleiri staði á landinu en suðvesturhornið og því að

byggja upp ferðamannastaði annars vegar og hins vegar að skapa nýja segla á fáfarnari stöðum og köldum svæðum í gegnum Flugþróunarsjóð og Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, auk samninga við bæði Íslandsstofu og markaðsstofur landshlutanna (bls. 255). Það skýtur því skökku við að rýra eigi framlög til Flugþróunarsjóðs eftir árið 2020 (bls. 20) þar sem hlutverk hans er að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands þannig að koma megi á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvöllina Akureyri og Egilsstaði. SSA andmælir þeirri fyrirætlun og telur áriðandi að leggja áherslu á að efla þessa gáttir inn í landið verulega.

Heilbrigðismál

Þó að framlög til heilbrigðismála aukist ár frá ári miðað við áætlunina þykir SSA rétt að benda á mikilvægi heilbrigðisþjónustu í dreifbýli og að ekki megi skerða þjónustu til þeirra sem búa lengst frá Reykjavík. Því er mikilvægt að Heilbrigðisstofnun Austurlands verði eflid og fjárframlög til hennar aukin.

Á aðalfundi SSA í haust var ályktað um heilbrigðismál:

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Að þessu verður ríkisvaldið að koma með kröftugum hætti og styrkja og efla Umdæmissjúkrahús Austurlands, heilsugæsluna í landshlutanum og aðrar sjúkrahússtöfnanir. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðhátta sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin. Fundurinn varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónusta, sem nú er veitt á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands enda er það eina sjúkrahúsið frá Akureyri að Selfossi sem veitir sólarhrings bráðaþjónustu og fæðingarþjónustu allan ársins hring. Fjölbreytt starfsemi sjúkrahússins þjónar allt að 12 þúsund íbúum á 16.000 ferkílómetra landsvæði, auk mikils fjölda innlendra og erlendra ferðamanna sem heimsækja Austurland á ári hverju. Þá hefur verið sýnt fram á að flutningur heilbrigðisþjónustu úr landshlutanum eykur kostnað allra skattgreiðenda.

Þá ítrekar fundurinn fyrri kröfur um að hluti þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.

Eins og ályktunin segir er öflug heilsugæsla, bráðaþjónusta, fæðingarþjónusta og aðgengi að sérfræðiþjónustu sérstaklega mikilvæg fyrir íbúa á Austurlandi ekki síst vegna veðurfars og færðar á veturnum og samgangna. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er tiltekið að efla skuli geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslu um land allt. Mikilvægt er að áætlun um að koma á fót geðheilsuteymum í öllum landshlutum gangi eftir og að sérstaklega sé hugað að sálfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni.

Hagskýrslugerð og upplýsingamál

SSA fagnar aukinni áherslu á öflun gagna og auknu framlagi til hagskýrslugerðar. Rétt er að almenningur, atvinnulíf og fræðasamfélagið þarf að hafa greiðan aðgang að

gögnum á aðgengilegu formi en slík gögn þurfa að vera unnin út frá landshlutum svo þau nýtist betur en ekki eingöngu út frá höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

Menntun

Aukin framlög til framhaldsskóla er ánægjuefni en gæta verður þess að fámennum framhaldsskólum í hinum dreifðu byggðum eins og á Austurlandi sé gert kleift að halda úti námsframboði sem kemur til móts við ólíkar þarfir og sinna náms- og starfsfræðslu. Að bjóða upp á öflugt framhaldsskólanám í nærumhverfi eykur menntun í landshlutanum og lífsgæði íbúanna. Einnig þarf að gæta þess að skólarnir fái fjármagn til að mennta nýbúa á þeirra forsendum og efla íslenskukunnáttu þeirra til að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í samfélaginu. Það sama á við um fjármagn til íslenskukennslu fyrir útlendinga hjá Austurbrú. Einnig þarf að tryggja að Austurbrú fái það fjármagn sem þarf til að sinna símenntun fullorðinna, veita fullorðnum námsmönnum tækifæri til náms og veita nemendum þjónustu, ráðgjöf og aðstöðu.

Húsnæðismál

SSA vill áréttta að aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum verði að henta öllum landshlutum ekki síst þeim sem búa við skekkta forsendur vegna byggingarkostnaðar, markaðsverðs og fjármögnunar. Mörg sveitarfélög á Austurlandi glíma við mikinn húsnæðisvanda vegna þess að markaðsverð er lægra en byggingarkostnaður og nýbyggingar því sjaldgæfar. Uppbygging og endurnýjun húsnæðis er mikilvæg fyrir öll samfélög og skortur á húsnæði skekkir samkeppnisstöðu þeirra um nýja íbúa.

Lýðheilsa og velferð

SSA leggur ríka áherslu á að ekki verði dregið úr fjárframlögum til málaflokksins lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála. Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit hafa sjaldan verið mikilvægari en nú þegar fíkniefnaframboð er mikið, tilfellum tölvufíknar fjölgar og kvíði meðal ungmenna hefur aldrei verið meiri. Mjög áriðandi er að þjóðfélagið leggi fjármagn og krafta sína í að viðhalda og bæta heilbrigði og líðan þjóðarinnar með forvörnum og heilsueflingu. Rannsóknir sýna að með öflugum forvörnum og fræðslu má fyrirbyggja ýmsa sjúkdóma, efla geðheilsu og bæta almenna heilsu. Þannig koma fjárframlög til lýðheilsu og velferðar margfalt til baka.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar.